



Fréttatilkynning
21 September 2026 09:26:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitir heimild fyrir endurkaupum eigin hlutabréfa og lækkun hlutafjár

Þann 18. september 2026 veitti fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) Íslandsbanka hf. (bankinn) heimild fyrir allt að 10 milljarða króna endurkaupum eigin hluta að markaðsvirði. Heimildin er bundin því skilyrði að kjósi bankinn að greiða arð umfram arðgreiðslumarkmið bankans, lækki heildarfjárhæð heimildarinnar sem nemur fjárhæð slíkrar arðgreiðslu. Bankanum er heimilt að hefja endurkaupin við leyfisveitingu.

Við lok dags 18. september 2026 átti bankinn 105.013.466 eigin hluti, sem svarar til 5,99% af útgefnum hlutum.

Bankinn mun nýta heimildina til endurkaupa í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, til dæmis með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Bankinn mun tilkynna um tímasetningu og framkvæmd endurkaupa samkvæmt framangreindri heimild þegar ákvörðun um þau hefur verið tekin.

Jafnframt veitti fjármálaeftirlitið bankanum heimild til lækkunar hlutafjár sem nemur fjárhæð þeirra eigin hluta sem keyptir hafa verið á grundvelli heimildar sem fjármálaeftirlitið veitti bankanum til kaupa á eigin hlutum dags. 4. febrúar 2026 og vegna þeirra hluta sem keyptir verða á grundvelli heimildar sem veitt er til kaupa á eigin hlutum dags. 18. september 2026.

Heimildir samkvæmt framangreindu gilda í 12 mánuði frá leyfisveitingu.

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, varðandi heimild fjármálaeftirlitsins fyrir endurkaupum eigin hlutabréfa og lækkun hlutafjár bankans, sem lýst er að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðversssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl, ir@islandsbanki.is
Fyrirspurnir frá fjölmiðlum, pr@islandsbanki.is

Viðhengi

Íslandsbanki hf.: Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitir heimild fyrir endurkaupum eigin hlutabréfa og lækkun hlutafjár